

# Societas Gerontologica Islandica



Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands 2015  
miðvikudaginn 25. mars kl. 17:00- 19:00  
Hrafnistu í Reykjavík

Fundarstjóri: Nanna Guðný Sigurðardóttir

Fundarritari: Ragnheiður Kristjánsdóttir

## Dagskrá fundar

### 1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs Sigurbjörg Hannesdóttir formaður flytur skýrslu stjórnar

Í stjórn á starfsárinu sátu Sigurbjörg Hannesdóttir, formaður, Kristín Björnsdóttir, varaformaður, Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, gjaldkeri, Helga Björk Haraldsdóttir meðstjórnandi og Ragnheiður Kristjánsdóttir, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn voru Anna Björg Jónsdóttir og Elísabet Karlsdóttir.

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir mánaðarlega, með hléi yfir sumarmánuðina.

Aðalverkefni stjórnar meðal annars var undirbúningur tveggja námsdaga í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands. 2 hálf dags námstefnur voru haldnar sú fyrri var á haustmánuðum og efni var Heilabilun – að lifa með reisn og sú seinni var eftir áramót og efnið var Einstaklingsmiðuð öldrunarþjónusta. Erindin á báðum námsdögum voru fróðleg og góð, en þátttaka gæti verið betri, voru ca. 20 manns sem skráðu sig á hvorn daginn. Við munum halda áfram samstarfi við Endurmenntun.

Önnur verkefni stjórnar voru tiltekt á heimasíðu og reynir stjórn nú að bæta upplýsingaflæði á síðu félagsins. Félagið varð fyrir tölvuárás fyrir tæpum 2 árum síðan og þarf átak í að bæta við upplýsingar sem ættu að vera á síðunni. Einnig er stjórn að vinna að lista félagsmanna og uppfæra póstlista félagsins svo hægt sé að senda upplýsingar til félagsmanna.

Félagið styrkti um 200.000,- ráðstefnu á vegum bráðamóttöku Landspítala þar sem kynntar voru rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við bráðþjónustu á Íslandi. Í ár var þessi ráðstefna: Bráðadagurinn, haldin 6. mars á Hótel Natúra og var þemað "Börn og

# Societas Gerontologica Islandica

aldraðir - Bráðapjónusta á 21. öldinni".

Öldrunarfræðafélag Íslands er aðili að Nordisk Gerontologisk Forum (NGF), norrænum samtökum öldrunarfræðafélaga. Forseti NGF er Bo Johannsen í Háskólanum í Gautaborg. NGF heldur öldrunarfræðiráðstefnu annað hvert ár og árið 2014 var ráðstefnan haldin í Gautaborg 23.-25.maí undir yfirskriftinni "Ageing well – challenges for individuals and society". Stjórnarfundir NGF eru alltaf haldnir í tengslum við ráðstefnurnar og sat formaður stjórnarfund í Gautaborg auk þess sem hann sat ráðstefnuna. Á stjórnarfundum NGF var ákveðið að haldinn yrði árlegur stjórnarfundur í stað annað hvert ár. Það yrði fundað í því landi sem ráðstefnan er haldin og árið eftir í Oslo. Næsta NGF ráðstefnu 23. Skiptið í Tampera Finnlandi 19.22.júní 2016.

Ingibjörg Hjaltadóttir flutti skýrslu vísindasjóðs.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar  
Guðrún Hrefna Sverrisdóttir gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsjóðs og vísindasjóðs fyrir umliðið almanaksár. Reikningar samþykktir.
3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.  
Guðrún Hrefna Sverrisdóttir gjaldkeri gengur úr stjórn – ekki búið að finna annan félagsráðgjafa – stjórn heldur áfram að vinna í því.

Kristín Björnsdóttir varaformaður gengur úr stjórn – Ingibjörg Hjaltadóttir gefur kost á sér sem meðstjórnandi. Þetta er samþykkt.

Stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands er samþykkt:

---

Sigurbjörg Hannesdóttir formaður kt. 010773-4159

---

Ragnheiður Kristjánsdóttir ritari kt. 240975-6109

---

Helga Björk Haraldsdóttir gjaldkeri kt. 161072-5599

---

Ingibjörg Hjaltadóttir meðstjórnandi kt. 060158-3559

---

Elísabet Karlsdóttir meðstjórnandi kt. 260859-3159

# Societas Gerontologica Islandica

Anna Björg Jónsdóttir varamaður

4. Kosning stjórnar vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.  
Óbreytt – í stjórn vísindasjóðs sitja Ingibjörg Hjaltadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir og Guðrún Reykdal
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs  
Óbreytt – skoðunarmenn eru: Líney Úlfarsdóttir og Ingibjörg Halla Þórisdóttir
6. Árgjald ákveðið  
Sigurbjörg Hannesdóttir: stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt 2000,-
7. Lagabreytingar  
Engar lagabreytingar
8. Önnur mál  
Engin önnur mál.

Fundi slitið og að loknum aðalfundi fer fram úthlutun styrkja úr Vísindasjóðs félagsins.

Nanna Guðný Sigurðardóttir fékk 300.00 styrk (ákveðið var frekar að veita einn stóran styrk en tvo smærra). Hún fékk styrkinn fyrir rannsókn sína sem er afturvirk rannsókn á árangri endurhæfingar á hjúkrunarheimili. Hún kynnti rannsókn sína.